

## Vika6 – hugmyndir fyrir leikskóla og/eða yngsta stig grunnskóla

Vika6 fer fram dagana 5.-9. febrúar 2024. Þemað að þessu sinni er samskipti og sambönd. Hægt er að vinna þemað á fjölbreyttan hátt, út frá aldri og þroska hvers barnahóps.

Á leikskólastigi og yngsta er hægt að fjalla um:

- Vináttu
- Fjölskyldu
- Góð og slæm samskipti (orð sem meiða, orð sem gleðja)
- Ofbeldi
- Tilfinningar
- Traust og öryggi
- Hjálpsemi og hlustun

Hér fyrir neðan eru hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að vinna með nemendum í tengslum við þemað í Viku6.

## BLÓMIÐ OG KAKTUSINN VERKEFNI

### Blóm

Hvaða orð eða hegðun eru falleg og gleðja, eins og blómið?



### Kaktus

Hvaða orð eða hegðun stinga og geta meitt eins og kaktusinn?



Þetta verkefni fjallar um góð og slæm samskipti og kennir félagsfærni. Hægt er að útfæra verkefnið á mismunandi hátt, eins og hentar hverjum leikskóla eða hverri deild fyrir sig.

Hugmyndin er að hafa sýnilegar og myndrænar leiðbeiningar um æskileg og óæskileg orð og hegðun sem við viljum að öll börnin fari eftir.

Í samvinnu við börnin er hægt að finna orð/myndir sem eiga heima í blóminu annars vegar og í kaktusnum hinsvegar.

# TILFINNINGAR

Umræðupunktur:

- Kennari fer yfir tilfinningar á listanum og fer yfir með börnunum dæmi um hvaða gæti látið okkur upplifa þessar tilfinningar.
- Kennari, í samvinnu við börnin ræða bók, mynd eða sjónvarpsþátt þar sem persóna upplifði einhverjar af þessum tilfinningum.
- Farið saman yfir algenga hegðun við þessum tilfinningum. Ræðið hvað er hægt að gera þegar við upplifum erfiðar tilfinningar.



Verkefnið er tekið af vefsíðu Sterkari út í lífið

## Hvernig líður þér í dag?



Kíkið á vefsíðuna Sterkari út í lífið (sjá QR kóða) fyrir fleiri verkefni.



**Þarna eru börn, öðru líður vel og hjartað brosir, hinu líður illa og hjartað grætur.**

- Hvað er að gerast á þessari mynd?
- Hver finnst ykkur vera munurinn á þessum tveimur sem eru á myndinni?
- Haldið þið að öllum líði alltaf vel?
- Af hverju haldið þið að það sé sól öðru megin en ský og eldingar hinu megin, hvað gæti það táknað?
- Líður ykkur stundum vel og stundum illa?
- Hvað gerir ykkur glöð?
- Hvað gerir ykkur döpur?
- Hvert getur maður leitað ef eitthvað er að?

Verkefnið *Opinskátt um ofbeldi* hefur það markmið að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða það opinskátt og taka afstöðu gegn því. Í verkefninu má finna ýmsar myndir sem nota má sem kveikjur að umræðum (sbr.mynd hér að ofan), leiðbeiningar með myndunum og veggspjöld sem hægt er að prenta út:

<https://menntastefna.is/tool/opinskatt-um-ofbeldi/>

## Verkefni og umræða um vellíðan í samskiptum

- Hvað lætur okkur líða vel?
- Hvernig getum við notað orðin okkar til að láta öðrum líða vel?
- Hvernig getum við notað hendurnar okkar til að láta öðrum líða vel?
- Hvað getum við gert til að láta öðrum líða vel?



Allir vinir (forvarnarverkefni)

[https://reykjavik.is/sites/default/files/allirvinir\\_uppsetning\\_ghj.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/allirvinir_uppsetning_ghj.pdf)

## Heilbrigð og óheilbrigð samskipti

Límið gult, rautt og grænt blað upp á vegg (Gætu verið blóm eða umferðarljós eða bara venjuleg A4 blöð) Skrifðu setningar á lítil blöð t.d. þær sem eru hér fyrir neðan eða aðrar sem þið veljið sjálf. Hægt er að bæta við fleiri setningum. Setningarnar lýsa samskiptum innan vináttu, t.d. **(Hún manneskjan) Er alltaf glöð að sjá mig.** Látið hvert barn draga eina setningu og hjálpið þeim að lesa hana (ef þarf). Þjóðið barninu að festa setninguna á græna blaðið ef þetta lýsir góðum samskiptum, á gula ef þau eru ekki nógu góð og þarf að laga eða á rauða blaðið ef þetta eru alls ekki góð samskipti.

Takið svo umræðuna með þeim um mikilvægi þess að reyna alltaf að velja græn samskipti, bæði hvernig við sjálf komum fram við aðra en líka hvernig við viljum að aðrir komi fram við okkur. Það líður öllum betur á grænu 😊

Er alltaf glöð að sjá mig

Er góð við mig ef mér líður ekki vel

Segir falleg orð við mig

Leyfir mér alltaf að vera með

Er oft til í að gera eitthvað skemmtilegt

Hlustar á mig þegar ég er að tala

Það er gaman að hlæja með henni

Vill alltaf leika við mig

Skilur mig stundum útundan

Gerir stundum grín að mér

Fer oft í fýlu og vill þá ekki tala við mig

Segir stundum orð sem særa mig

Verður fúl ef ég leik við aðra krakka

Segir oft ósatt

Meiðir mig stundum

Segir ljót orð við mig

Skilur mig oft útundan

Vill oft ekki leyfa mér að vera með

Segir öðrum frá leyndarmálunum mínum

Hlustar ekki á mig

Segir ekki fyrirgefðu ef hún meiðir mig eða særir mig

Nafn barns: \_\_\_\_\_

# Fjölskyldan mín

---

---

---

---

---

Hvaða fólk er í fjölskyldunni minni.  
Hvað gleður mig mest í samskiptum  
við fjölskylduna mína?

Nafn barns: \_\_\_\_\_

# Góður vinur

---

---

---

---

---

---

---

Hvað einkennir góða vini? Átt þú góðan vin/vinkonu? Hver er það?